

## Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15.og16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitarstjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv. 7. gr. laga nr 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

## Efnisyfirlit

<b>Almennar upplýsingar .....</b>	<b>2</b>
Leikskólar.....	2
Breytingar og viðhald.....	5
<b>Námskrá - stefna.....</b>	<b>5</b>
Skipulag.....	6
<b>Starfið síðastliðið leikskólaár.....</b>	<b>7</b>
Starfsáætlun.....	7
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður.....	8
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	8
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.....	9
Menningarviðburðir:.....	9
Aðrar skemmtanir:.....	10
Kynning á leikskólanum út á við:.....	10
<b>Starfsmenn .....</b>	<b>10</b>
Stöðugildi.....	10
Fundir.....	10
Skipulags- og námskeiðsdagar.....	11
<b>Nemendur.....</b>	<b>12</b>
Fjöldi barna.....	12
Sérkennsla.....	12
<b>Foreldrasamstarf.....</b>	<b>13</b>
Áherslur og markmið.....	13
Foreldrafundir.....	13
Foreldraviðtöl.....	13
Opið hús.....	14
Foreldrafélög.....	14
<b>Samstarf - fræðsla - ráðgjöf.....</b>	<b>14</b>
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.....	14
Starfsmannasamtöl.....	14
Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar.....	14
Samstarf við grunnskóla.....	15
Öryggismál.....	15
Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur.....	15
<b>Lokaorð .....</b>	<b>17</b>

## Almennar upplýsingar

### Leikskólar

Reykjanesbær rekur sjö leikskóla. Um áramótin 2004-2005 gerði Reykjanesbær þjónustusamning við Karen ehf./ Karen Valdimarsdóttir vegna reksturs leikskólans Gimli.

Hér á eftir fer yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum.

Heimasíður leikskólanna er að finna á slóðinni: [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)

**Garðasel, Hólmgarði 4 sími: 421-3252 netfang: [gardasel@reykjanesbaer.is](mailto:gardasel@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/gardasel](http://reykjanesbaer.is/gardasel)**

**Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir**

Leikskólinn Garðasel tók til starfa 1974. Flatarmál húsa er 746,4 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 366,1 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4.251 m<sup>2</sup>, leiksvæði 2.904 m<sup>2</sup>. Garðasel er fjögurra deilda aldursskiptur leikskóli með sveigjanlegan vistunartíma. Börnin eru á aldrinum 2-6 ára. Í leikskólanum geta dvalið allt að 112 börn samtímis. Útivistarsvæði er bæði stórt og gott. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 18:15.

*Hugmyndafræði leikskólans byggist á að efla hreyfifærni sem er undirstaða alls almenns þroska og eðlilegrar jákvæðrar sjálfsmyndar. Einnig byggist hún á lífsleikni, umburðarlyndi, víðsýni og að hafa örugg leikskilyrði. Til þess að örva þessa þætti þarf að gera umhverfið áhugavert og leiðir skólans eru markviss hreyfing þ.e. skipulagðar hreyfistundir, vinnustundir, vettvangsferðir, einingakubbar, heimspeki, skapandi starf og verkefni elstu barna. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytta hreyfingu, þar sem jafnvægi ríkir á milli gróf- og fínhreyfinga. Markvisst hreyfinám í sal er einu sinni í viku, í fjörutíu og fimm mínútur í senn, en skipulögð hreyfistund hefur verið í Garðaseli síðan 1991.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Hreyfing, virðing, kærleikur, skapandi starf.**

**Gimli, Hlíðarvegi 7 sími: 421-5707 netfang: [gimli@reykjanesbaer.is](mailto:gimli@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [leikskolinn.is/gimli](http://leikskolinn.is/gimli)**

**Leikskólastjóri: S. Karen Valdimarsdóttir**

Leikskólinn Gimli tók til starfa 1971. Flatarmál húss er 400,7 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 207 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 3.540 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.003 m<sup>2</sup>. Gimli var þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára, en er nú fjögurra deilda þar sem salurinn var tekinn undir starfsemi deildar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 69 börn samtímis. Leikskólinn er staðsettur í gamalgrónu umhverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15.

*Í leikskólanum er unnið eftir Hjallastefnunni þar sem lögð er áhersla á einfalt og jákvætt starfsumhverfi sem einkennist af vináttu, kærleika, virðingu og gleði. Deildir/kjarnar eru kynjaskiptar og aldursskiptar. Nemendahópnum er kynjaskipt til að mæta ólíkum þörfum beggja kynja og til að geta leyft stelpna- og strákamenningu að njóta sín. Að auki er áhersla lögð á opinn og skapandi efnivið og lausnir barnanna sjálfra í stað hefðbundinna leikfanga, jákvæðan aga og hegðunarkennslu. Hátt hlutfall af fagmenntunar starfsfólki, menntandi vinnuumhverfi fyrir bæði starfsfólk og börn, virk foreldraþátttaka og elskulegt andrúmsloft eru þeir þættir í starfinu sem leikskólinn er stoltastur af. Þetta skilar þeim árangri sem leikskólinn sækist eftir; ánægðum börnum, ánægðum foreldrum og ánægðu starfsfólki.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Kærleikur og agi haldast í hönd.**

**Heiðarsel, Heiðarbraut 27 sími: 421-1554 netfang: [heidarsel@reykjanesbaer.is](mailto:heidarsel@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/heidarsel](http://reykjanesbaer.is/heidarsel)**

**Leikskólastjóri: Kolbrún Sigurðardóttir**

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa 1990. Flatarmál húss er 592,2 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 272 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 5.139 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.621 m<sup>2</sup>. Heiðarsel er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldursblandaðar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 84 börn samtímis. Leikskólinn stendur á fallegum stað með góðu útsýni yfir byggðina. Útivistarsvæðið er mjög skemmtilegt. Góðir möguleikar eru til vettvangsferða um nánasta umhverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

*Leikskólinn er heilsuleikskóli og starfar eftir Heilsustefnunni. Markmið skólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Aðrir áhersluþættir skólans eru heilsubók barnsins, markviss málörvun, opinn efniviður og einfaldleiki í umhverfi. Leikskólinn leggur áherslu á að barnið fái að njóta sín sem einstaklingur á eigin forsendum í leik og starfi, læri að skapa og leita lausna án þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir*

**Einkunnarorð eru leikskólans eru:**

**Hreyfing, næring, listsköpun, leikur.**

**Hjallatún, Vallarbraut 20 sími 421-7404 netfang: [hjallatun@reykjanesbaer.is](mailto:hjallatun@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/hjallatun](http://reykjanesbaer.is/hjallatun)**

**Leikskólastjóri: Gerður Pétursdóttir**

Leikskólinn Hjallatún tók til starfa 2001. Flatarmál húss er 659,80 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 333 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4.480 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.418 m<sup>2</sup>. Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í bænum. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára og þar geta dvalið allt að 97 börn samtímis. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15.

*Hjallatún er „opinn“ leikskóli með fjórar aldurskiptar heimastofur, tvær á hvorum gangi. Heimastofurnar á hvorum gangi fyrir sig vinna saman og mynda eina heild. Hjallatún er heilsdagsleikskóli. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í leikskólanum er lögð áhersla á nærveru, jákvæðni og hlýju. Stuðst er við fjölgreindarkenningu Howards Gardners með áherslu á persónugreindir. Unnið er svæðaskipt fyrir hádegi en í litlum hópum eftir hádegi. Öflug skráning um hvert barn gerir uppeldisstarfið markvissara. Hjallatún er hlýlegur leikskóli þar sem lögð er áhersla á fáar en skýrar reglur.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Samskipti, lýðræði, leikgleði.**

**Holt, Stapagötu 10 sími: 421-6100 netfang: [holt@reykjanesbaer.is](mailto:holt@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/holt](http://reykjanesbaer.is/holt)**

**Leikskólastjóri: Kristín Helgadóttir**

Leikskólinn Holt tók til starfa 1985. Flatarmál húss er 598 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 271 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 5.129 m<sup>2</sup>, leiksvæði 3.030 m<sup>2</sup>. Byggt var við skólann og hann stækkaður um tvær deildir 2003. Leikskólinn stendur í landi jarðarinnar Holts og af því dregur hann nafn sitt. Leikskóli er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára og þar geta dvalið allt að 92 börn samtímis. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:30 – 17:15. Í leikskólanum eru fjórar aldurskiptar deildir. Umhverfi leikskólans er afar skemmtilegt og býður upp á áhugaverða möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur.

*Á Holti er lögð áhersla á tónlist og myndlist og starfað í anda „Reggio Emilia“. Grunnurinn að starfinu er virðing fyrir barninu og hugmyndum þess. Könnunaraðferðin í sinni fjölbreyttustu mynd er nýtt til þekkingarleitar. Lögð er áhersla á að nýta frjálsan leik markvisst sem uppeldistæki. Leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stundu er í fyrirrúmi.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Gleði, virðing, sköpun, þekking.**

**Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 sími: 421 4204 netfang: [tjarnarsel@reykjanesbaer.is](mailto:tjarnarsel@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/tjarnarsel](http://reykjanesbaer.is/tjarnarsel)**

**Leikskólastjóri: Inga María Ingvarsdóttir**

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar, en hann hóf starfsemi 1967. Flatarmál húss er 601 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis 277 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 2.241m<sup>2</sup>, leiksvæði 1.460 m<sup>2</sup>. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára og þar geta dvalið allt að 84 börn samtímis. Leikskólinn er í hjarta bæjarins í gamalgrónu hverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

*Leikskólinn er með fjórar aldurskiptar deildir og um sumarfrí ár hvert færast nemendur hvernar deildar yfir á næstu aldursdeild og einnig viðkomandi kennarar. Leikskólinn hefur skýra starfsmannastefnu og námskrá sem gerir vinnuferlið opnara og sýnilegra fyrir kennara leikskólans og foreldra leikskólabarna. Áhersluþættir leikskólans eru vettvangsferðir, umhverfismennt og lestrarhvetjandi umhverfi. Lögð er áhersla á leiktilboð með opinn efnivið sem gefur nemendum möguleika á að upplifa og skapa það sem hugurinn kys. Lögð er áhersla á tillitssemi, vináttu og kærleika milli allra. Að hver einstaklingur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Hreyfing, lífsgleði, upplifun, virðing.**

**Vesturberg, Vesturbraut 13 - sími 421-7079 netfang: [vesturberg@reykjanesbaer.is](mailto:vesturberg@reykjanesbaer.is)**

**Veffang: [reykjanesbaer.is/vesturberg](http://reykjanesbaer.is/vesturberg)**

**Leikskólastjóri: Brynja Aðalbergsdóttir**

Leikskólinn Vesturberg tók til starfa sumarið 1997. Hann er í tvílyftu húsi og staðsettur vestast í bænum. Flatarmál húss er 240 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 111,2 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 1.356,5m<sup>2</sup>, leiksvæði 1.168 m<sup>2</sup>. Í leikskólanum geta dvalið allt að 37 börn samtímis. Umhverfið býður upp á mikla möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

*Vesturberg er „opinn“ leikskóli þar sem allt rými nemendanna er sameiginlegt. Frá upphafi hefur leikskólanum verið skipt í sjö svæði og hefur hvert þeirra ákveðin uppeldisleg markmið. Börnin fara frjálst um húsið en kennarar eiga fasta viðveru á svæðunum viku í senn. Kennarar leggja áherslu á að vera til staðar fyrir nemendur og láta þá hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum. Markmið svæðaskipulagsins er meðal annars að sjá til þess að hver nemandi njóti sín á eigin forsendum og að þeir fái næði og svigrúm í leik sínum. Að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafl nemenda, auk þess að skapa svigrúm til að nemendur geti ræktað vináttu við önnur börn og kennara. Á svæðum Vesturbergs er lögð rík áhersla á málrækt með ýmsum aðferðum sem eiga við á hverju svæði.*

**Einkunnarorð leikskólans eru:**

**Frumkvæði, vináttu, gleði.**



## **Breytingar og viðhald**

Á árinu var almennu viðhaldi sinnt í leikskólunum og ýmis smærri verk og endurbætur gerðar innanhúss sem utan. Eignarhaldsfélagið Fasteign sér um allt viðhald á girðingum lóðanna og einnig viðhald leikskólanna að utan.

**Garðasel:** Lítið sem ekkert gert þetta árið en beðið með allar framkvæmdir fram á haust 2005.

**Gimli:** Undirbúningsherbergi og skrifstofa leikskólastjóra voru endurhönnuð með það í huga að gera vinnuáðstöðu sem besta. Sett upp nýtt brunavarnakerfi. Foreldrafélagið gaf segl á sandkassana. Skipt um rennur á útiskúr og hann málaður. Keypt voru tvö ný borð og stólar fyrir börnin.

**Heiðarsel:** Sérkennsluherbergi var byggt við leikskólann og tilheyrandi húsgögn keypt í aðstöðuna. Nýr gólfdukur var settur á fundarherbergið og fataklefinn á Hóli var málaður. Þá var ýmislegt annað lagfært.

**Hjallatún:** Hefðbundnar smáviðgerðir voru gerðar s.s. veggir málaðir og skipt um vaskaborð í Listalandi. Mikil óánægja var með umhirðu lóðarinnar þetta árið og þarf að taka það til athugunar.

**Holt:** Lítið sem ekkert þurfti að lagafæra innanhúss vegna nýafstaðinna framkvæmda við leikskólann.

**Tjarnarsel:** Ný tæki s.s. þvottavél, þurrkari, hrærivél, prentari, bréfskurðarhnífur og plastvél voru keypt. Endurnýjaðar voru þrjá tölvur og keyptar voru tvær stafrænar myndavélar. Átta matarborð og sófi var keyptur á Ljósvelli. Í undirbúningsherbergi voru keypt tvö vinnuborð og tveir skrifborðsstólar.

**Vesturberg:** Ýmislegt yfirfarið og lagfært. Salurinn var málaður og lagðar flísar á eldhús.

## **Námskrá - stefna**

Leikskólar Reykjanesbæjar byggja starf sitt á *lögum um leikskóla* nr.78/1994 og *reglugerð um starfsemi leikskóla* nr. 225/1995 og aðalnámskrá sem tók gildi 1. júlí 1999. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra.

Leikskólastarf byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði sem sótt er til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna enda sýna rannsóknir að lítil börn læra og þroskast best í leik.

Hver skóli hefur frelsi til að móta innra starf og áherslur í skólastarfinu eftir því sem uppeldisáætlun leyfir. Hér er átt við innra skipulag skólans og val á kennsluáðferðum og áherslum. Áherslur eru mismunandi og ráðast af þeirri uppeldisstefnu sem ákveðin er hverju sinni. Barnið er stöðugt í brennidepli og unnið er með alla verkþætti í samræmi við getu og þroska þess.

Í öllum leikskólunum er leikurinn helsta „kennslutæki“ leikskólakennarans og því er lögð rík áhersla á að hlúa að honum frá fyrstu tíð. Leikurinn er undirstaða námssviða skólans, í gegnum hann læra börnin, þroskast og þjálfa hæfileika sína best.

Mikið er lagt upp úr sjálfstæði, frumkvæði og sjálfsvirðingu barnanna og að gagnkvæm virðing ríki í samskiptum innan leikskólanna. Lögð er áhersla á fjölbreytilegt og skapandi leikefni og leikaðstöðu. Stuðlað er að vináttu, kurteisi og aga.

Í leikskólunum er boðið upp á sérkennslu. Markmið hennar er að tryggja að börn með þroskaraskanir, tilfinninga- og félagslega erfiðleika fái notið leikskólaladvalar sinnar og þroskist sem best. Sérkennsla tekur mið að þörfum hvers barns. Sérkennsla fer að jafnaði fram í barnahópnum, eða minni hópum í samræmi við einstaklingsnámskrá viðkomandi barns.

Leikskólarnir gera ársáætlun fyrir hvert skólaár sem stendur frá 1. september til 31. ágúst.

## Skólanámskrár

Fyrsta skólanámskráin kom út í apríl 2002 en fimm leikskólar hafa lokið við gerð skólanámskrár og allir hafa þeir endurunnið skólanámskrána oftast en einu sinni.

Með tilkomu aðalnámskrár leikskóla 1999, var leikskólum gert að semja skólanámskrá sem veita skyldi heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Við gerð skólanámskrár er einnig tekið mið af Skólafélagi Reykjanesbæjar sem gefin var út haustið 1998, endurskoðuð og samþykkt af bæjarstjórn 23. maí 2001. Skólafélagið er á vef Reykjanesbæjar [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)

## Matsaðferðir

Matsaðferðir eru mótaðar innan hvers leikskóla. Símat á innra starfi leikskólanna er í sífelldri þróun. Í sumum leikskólum er starfið endurmetið í lok hvers skólaárs meðan aðrir meta starfið jafnóðum. Allar upplýsingar nýtast á margvíslegan hátt og eru ræddar bæði á deilda- og starfsmannafundum.

Eftirtaldir matsaðferðir eru notaðar til að meta þroska barna í leikskólum Reykjanesbæjar.

Aldursmiðaðar atferliskannanir (samræmdar fyrir alla leikskóla Reykjanesbæjar haustið 2003).

Þroskapróf AAL, sem er athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna.

Spurningalistar yfir hegðun barna á aldrinum tveggja til þriggja ára og fjögurra til sextán ára auk atferlisathugana sem miðast við aldur hvers barns.

Ofvirkniþætti, fyrir 4 ára og eldri.

Athyglisbrestur barna - fyrir fjögurra ára og eldri.

Hegðun á heimili - fyrir fjögurra ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða.

Íslenski þroskalistinn er notaður í öllum leikskólunum, niðurstöður prófanna eru síðan ræddar við foreldra.

Hljóm-2, sem er athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna.

Orðaskil (málþroskapróf).

Töld málþroskapróf.

Færni barna í málnotkun og málskilningi, gróf viðmið fyrir aldurinn eins til fjögurra ára.

MOT hreyfiþroskapróf sem tekin eru á tveimur elstu árgöngunum.

Gátlisti fyrir elstu börnin.

## Skipulag

Leikskólarnir eru opnaðir kl. 7:30 eða 7:45 og lokaðir kl. 17:15 nema Garðasel sem lokar kl. 18:15.

Heimild er fyrir því, ef ekki er eftirspurn, að stytta opnunartímann um 15 mínútur í byrjun og enda dags. Gildir sú ákvörðun fyrir leikskólaárið. Skólarnir verða einungis opnir lengur ef þörf krefur.

Ákvörðun um lengri opnunartíma miðast við 1. október og helst út skólaárið. Boðið er upp á mismunandi dvalartíma frá fjórum upp í níu stundir daglega. Örfá börn eru í síðdegisdvöl.

Í öllum leikskólunum er eldhús og boðið er upp á þrjár máltíðir: morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu.

Morgunverður er á tímabilinu 8:00 til 9:00, flest öll börn sem eru fyrir hádegi fá morgunverð. Að morgunverði loknum tekur hefðbundið leikskólastarf við s.s. frjáls leikur, val, samverustund, hópavinna, útivera, vettvangsferðir o.s.frv. Hádegisverður er á tímabilinu 11:15 til 12:30. Í einum leikskólanum matast börnin saman í borðsal en í öðrum inni á deildum. Eftir matinn er hefðbundið leikskólastarf, öll börn sem eru eftir hádegi fá síðdegishressingu.

Fastar vinnustundir eru á ákveðnum tímum dags og dagskipulag leikskólastarfsins er sniðið að þörfum barnanna. Hinn frjálsi leikur, val og hópavinna eru leiðir í uppeldisstarfinu sem leikskólarnir nota. Valkerfi, skipulagt hópastarf og vinnustundir eru í flest öllum leikskólunum. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og frumkvæði barnanna og að kenna þeim að bera virðingu fyrir starfsfólki leikskólans, félögum sínum og sjálfum sér. Í leikskólanum takast börnin á við fjölbreytileg verkefni s.s. málrækt, söng, tónlist, listsköpun samverustundir, vinnufundi, fagnaðarfundir, vettvangsferðir, úti- og inniveru í frjálsum og skipulögðum leikjum og hreyfingu. Skipulagðar hreyfistundir eru í flestum leikskólum.

Í hverjum leikskóla eru „elstu barna verkefni“ fyrir börnin í leikskólanum. Markmiðið er að kynna skólareglur, orð og hugtök. Flestir leikskólanna nýta sér kennsluefnið: Ótrúleg eru ævintýrin, Markviss málörvun, Ljáu mér eyra, Geitungurinn og Leggðu við hlustir. Lögð er áhersla á að eiga skemmtilegar og fræðandi stundir með börnunum.

Foreldrasamvinna er í fyrirrúmi í öllum leikskólunum.

Leikskólar Reykjanesbæjar eru lokaðir í fimm vikur í sumarleyfi. Sumarleyfislokun í hverjum leikskóla færist milli ára.

### **Starfsmannastefna – Starfsmannahandbók**

Starfsmannastefna leikskóla byggist á sameiginlegri sýn starfsfólks um stefnu og leiðir í uppeldismenntun leikskólabarna. Lögð er áhersla á að nýta mannauð hvers og eins starfsmanns og að góður starfsandi og samvinna ríki. Skýr starfsmannastefna, Starfsmannahandbók og skólanámskrá leikskóla gerir leikskólastarfið sýnilegra og markvissara fyrir starfsfólk og foreldra. Hver leikskóli mótar sína eigin starfsmannastefnu.

### **Starfið síðastliðið leikskólaár**

#### **Starfsáætlun**

Starfið er árstíðabundið og mótast af því. Sumarmánuðirnir eru nýttir til útiveru og vettvangsferða. Starfið yfir sumarið einkennist mikið af aðlögun nýrra barna. Á veturna er mikið lagt upp úr ýmiss konar starfsemi s.s. hópstarfi, söng- og samverustundum.



Í *Garðaseli* var starfsáætlun/skóladagatal fyrir árið 2004-2005 fylgt vel eftir og stóðst hún í alla staði. Unnið var vel að öllum undirbúningi fyrir veturinn á starfsmannafundum þar sem gerð var starfsáætlun fyrir hvern mánuð í senn fyrir alla árganga nema elsta árganginn sem fékk vikuáætlun.

Á *Gimli* hefur gengið vel að vinna eftir stefnu leikskólans, þ.e. Hjallastefnuni. Eins og stendur í starfsgrundvelli eru markmið og áherslur skólans að kjarna, það er að sundurgreina umhverfi, að umhverfið sé merkingarbart, einfalt, skýrt og ábyrgt. Samskipti við aðra Hjallaskóla er alltaf að styrkjast og eflast.

Í *Heiðarseli* var fylgt ársáætlun og skóladagatali og hefur sú áætlun staðist.

Hópstjórar hvers aldurs fyrir sig gerðu starfsáætlun sem innihélt markmið og leiðir fyrir hvern mánuð í senn yfir vetrartímamann. Á starfsmannafundi í september 2004 var skóladagatal Heiðarsels kynnt fyrir starfsmönnum og allir foreldrar fengu skóladagatalið sent heim til sín.

Á *Hjallatúni* stóðst ársáætlun að mestu leyti og vel gekk að vinna að þeim markmiðum sem sett voru og haldið áfram að þróa starfið og gera það markvissara og innihaldsríkara. Vel tókst til með samskiptaverkefnið og voru pistlar og fræðsla um samskipti á öllum fundum en áhersla hefur verið lögð á viðurkennandi samskipti milli allra þeirra er starfa í leikskólanum.

Á *Holti* var viðfangsefni vetrarins tengt Lestrarmenningarátaki Reykjanesbæjar og þróunarverkefninu Lifandi lestur, þar sem unnið var út frá bók allan veturinn og unnið samkvæmt „Könnunaraðferðinni.“ Hópstjórar og foreldrar völdu bók fyrir sinn hóp þannig að nokkra bækur voru til umfjöllunar.

Í *Tjarnarseli* byggist ársáætlun á áhersluþáttum leikskólans og framtíðarsýn allra starfsmanna leikskólans. Hlutverk hennar er tvíþætt; annars vegar er hún hugsuð sem tímaáætlun og hins vegar vinnuáætlun. Dagatal fyrir skólaárið 2004-2005 var kynnt á starfsmannafundi um haustið og fékk starfsfólk tækifæri til að koma með athugasemdir.

Á *Vesturbergi* var mikið lagt upp úr því að börnin fengu notið bernsku sinnar sem mest og best. Í öllu daglegu starfi er leikurinn í aðalhlutverki. Börnin eru ekki tekin frá verkefnum sem þau eru að vinna að til að sinna verkefnum sem starfsfólk hefur skipulagt fyrir þau. Sjálfsákvörðunarrétti barna er sýnd virðing og trúað á getu þeirra til að vita hvað þeim kemur best. Börnin fara frjálst um húsið og virt er val þeirra á vinnu og verkefnum og ekki er reynt að hafa áhrif á það nema starfsfólk og foreldrar séu sammála um að það sé nauðsynlegt fyrir barnið.

## Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat er tekið fyrir á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Foreldraviðtöl er í öllum leikskólum.

Í öllum leikskólunum eru starfmannaviðtöl fastur liður í skipulagi leikskólans og hefur það tekist með ágætum. Í þessum viðtölum er kannaður m.a. hugur starfsfólks til starfsins og til þess hvort því finnst mannaður þess metinn og nýttur sem skyldi. Í einum leikskólanum var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra í tengslum við foreldrasamtölin, flestir þættir könnunarinnar komu vel út. Leikskólarnir gera ársskýrslu fyrir hvert skólaár sem stendur frá 1. september til 31. ágúst. Einnig gera leikskólarnir ársáætlun og skóladagatal þar sem starfsemi og annað sem tengist skipulagi skólans er fyrirfram ákveðið.

## Þróunar- og nýbreytnistarf

Í reglugerð um starfsemi leikskóla er kveðið á um að leikskólar skuli meta aðferðir við uppeldisstörf. Talsverð reynsla er fyrir hendi meðal starfsfólks leikskóla og sífellt er verið að meta starfið með börnunum. Það sem betur má fara er lagað og nýju námsefni bætt við.

Í ársskýrslum leikskólanna er að finna upplýsingar um flest sem varðar skólastarfið. Eftirtaldir leikskólar hafa gefið út skólanámskrá: Heiðarsel, Hjallatún, Holt, Tjarnarsel og Vesturberg.

Aðrir leikskólar vinna að gerð skólanámskrár. Bókasafn Reykjanesbæjar bauð leikskólunum að venju að hengja upp myndir barnanna í bókasafninu yfir sumarmánuðina. Þetta er orðið að fastri venju sem er komin til að vera.

Verkefninu Lestrarmenning í Reykjanesbæ, var ýtt úr vör þann 23. apríl 2003, á alþjóðar degi bókarinnar. Þann dag gaf Félag íslenskra bókaútgefenda öllum börnum tveggja til sex ára í bæjarfélaginu bók. Í ár fengu öll tveggja ára börn bókina Gráðuga lirfan eftir Eric Carle að gjöf. Lestrarmenning í Reykjanesbæ er þriggja ára þróunarverkefni sem hrundið er af stað til að efla lestrarfærni og málskilning barna í bæjarfélaginu (2003-2006). Markmið verkefnisins er að fá allt samfélagið til að taka höndum saman um að efla mál- og lesþroska barna, allt frá fæðingu til fullorðinsára. Allir leikskólarnir hafa tekið virkan þátt í lestrarmenningarverkefnin. Lestrarmenningin fléttast inn í allt starf leikskólanna svo sem í hópasamveru, verkefni elstu barna og samverustundir.

Í *Garðaseli* var mánaðaráætlun látin fylgja börnum fæddum 2000, 2001 og 2002 til að foreldrar geti fylgst með námi barna sinna og gafst það vel. Unnið var að miklum breytingum varðandi innra starfið en deildum verður aldurskipt skólaárið 2005-2006.

Á *Gimli* var rekstrarformi leikskólans breytt þann 30.12.04 með tilkomu þjónustusamnings sem gerður var á milli Karenar ehf. og Reykjanesbæjar. Samstarf á milli heimilis og skóla er stöðugt að þróast í rétta átt og þau markmið sem stjórnendur skólans settu sér í þeim efnum að ná fram að ganga. Þá er Hjallastefnan í stöðugri þróun. Lestrarkennsla eftir aðferðum Helgu Sigurjónsdóttur, kennara, var tekin upp og höfð að leiðarljósi fyrir elsta stig leikskólans. Allir kjarnar eru aldurskiptir og kynjablandaðir.



Leikskólinn *Heiðarsel* fékk viðurkenningu, þann 8. okt. sl. fyrir heilsueflingu í skólum frá Lýðheilsustöð og varð formlega heilsuleikskóli. Í tengslum við heilsustefnuna var tekin í notkun heilsubók barnsins. Bókin er skráningabók sem í er skráðar ýmsar heilsufarslegar upplýsingar um barnið. Sagan um Gogga og Valla á ferð og flugi í Reykjanesbæ var gefin út á afmælisdegi skólans þann 8. október. Í janúar 2005 var heimasíða leikskólans opnuð.

Á *Hjallatúni* var unnið að nokkrum litlum þróunarverkefnum. Unnið var með könnunaraðferðina í næst elsta árgangi. Farið var af stað með vinahópa – markmiðið var að mynda tengsl á milli yngri og eldri barnanna og auka

samvinnu milli starfsmanna. Hegðunarmótun og agi. Unnið var að því að skilgreina aga betur og aukin fræðsla um hann í samskiptaverkefni vetrarins. Haldið áfram að þróa elstu barna verkefnið. Námsefnið Stig af stigi var kennt elsta árgangi tvisvar í viku.

Á *Holti* er áfram unnið eftir „könnunaraðferðinni.“ Sótt var um styrk í Þróunarsjóð leikskóla til þess að þróa áfram starf í lestri og málörvun þar sem vinna með börnunum tekur mið af vinnuferli „könnunaraðferðarinnar.“ Verkefnið kallast Lifandi lestur og tengist það lestrarmenningarátaki Reykjanesbæjar. Verkefnið hófst formlega í september 2004. Um haustið fékk leikskólinn styrk til myndbandsgerðar um þróunarverkefnið. Könnunarleikur, sem er fyrir yngstu börnin, var tekinn inn á eina deildina þar sem hvert barna fær að fara í leikinn einu sinni í viku – tíminn með börnunum fer í skráningu og athugun á leik barnanna.

Í *Tjarnarseli* er verið að þróa kennsluáætlunar fyrir hvert aldursstig. Umhverfismennt leikskólans er í sífældri þróun. Komið var til móts við óskir barnanna í leikskólanum um að setja útsýnispall við sjávarsíðuna.

Bæjarstjórinn útnefndi bönin í leikskólanum „sendiherra bæjarins“ en þau eiga að heimsækja grunnskólana og minna unglíngana á að ganga vel um bæinn sinn. Tveir nemendahópar gáfu út bækur um vettvangsferðir sínar um bæinn og annar hópurinn gaf út bókina „Vettvangsferðabók barna.“ Verkefni tengt Lestramenningarverkefninu hafa verið með ýmsum hætti og enn bættust við verkefni s.s ljóðaflutningur/bókaormur/lestrar- og skriftarnámskeið/samstarf skólastiga/myndlæsi á yngstu deildinni.

Á *Vesturbergi* er uppeldisstarfið í stöðugu endurmati. Barnahópnum er skipt upp í litla hópa þar sem hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp. Í upphafi haustannar völdu hópstjórar sér bók eða þulu sem unnið var með allan veturinn og afrakstur vetrarins var sýndur á listahátíð í Duus húsum annars vegar í formi viðburðar sem fór fram í Listasafni bæjarins og hins vegar í formi sköpunar sem sýnd var í Bíósal Duus húsa.

### **Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.**

Farið var í vettvangsferðir um nágrenni leikskólanna ýmist gangandi eða með strætisvögnum bæjarins.

### **Menningarviðburðir:**

- Evrópski tungumáladagurinn var haldinn hátíðlegur þann 26. september með tilheyrandi hætti í sumum skólum.
- Bókasafn Reykjanesbæjar var heimsótt en eins og fyrr er getið eru myndir leikskólabarna til sýnis þar yfir sumarmánuðina.
- Tónlistarskólinn bauð upp á árlega kynningu á starfsemi skólans en einnig fóru nemendur Tónlistarskólans í leikskólana og léku fyrir börnin.
- Grunnskólarnir heimsóttir - börnin fengu að fylgjast með í kennslustundum.
- Kirkjuferðir í tengslum við jólahátíðina.
- Leiksýningar: Möguleikhúsið með Smiður jólasveinsins, Hattur og Fattur, Grýla og jólasveinarnir, Jólaleikur/Tíu fingur,
- Stekkjarkot - kynning á fornum búskaparháttum. Víkingaskipið Íslendingur – kynning.
- Heimsókn í Dagdvöl aldraða – sungið fyrir vistmenn.
- Sumarhátíð er haldin í öllum leikskólunum.
- Lestramenningu í Reykjanesbæ var ýtt úr vör þann 23. apríl á Degi bókarinnar. Í ár fengu öll börn sem fædd voru 2003 að gjöf bókina Gráðuga lirfan eftir Eric Carle.

### Aðrar skemmtanir:

- Haldið er upp á þorrann, bollu-, sprengi- og öskudaginn með mismunandi hætti. Þá voru ýmsar aðrar skemmtanir haldnar s.s. fjölskyldudagur, jólaball, sumarhátíð, grillveisla, hjóladagur, fagnaðarfundir, bónda-/konudagur. Sólarkaffi, foreldrum/afa/ömmu er boðið í morgunkaffi. Haldið upp á afmæli leikskóla, myndlistarsýning í leikskóla, skemmtikraftar heimsóttu leikskólana og héldu sýningu. Farið í Reykjaneshöllina með '99 og '00 árganginn. Útskriftarferð með elstu börn leikskólans er árviss viðburður. Farið er í dagsferð.

### Kynning á leikskólanum út á við:



Nokkuð var um það að einstaklingar og hópar heimsæktu leikskólana og kynntu sér starf þeirra. Má þar nefna nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja en þeir vinna gjarnan verkefni í tengslum við vinnu í uppeldisfræðum. Einnig koma elstu börnin í leikskólunum ásamt kennurum í heimsókn úr nágrennabyggðarlögunum til að fylgjast með starfi leikskólanna. Leikskólastjóri Tjarnarsels flutti erindi í KHÍ og annað erindi á ráðstefnunni Læsi á 21. öldinni. Í flest öllum leikskólunum eru ömmu- og afadagar þar sem þeim er boðið að koma og sjá börnin í leik og starfi og þiggja veitingar, þótti þetta takast með ágætum. Fréttabréf eru gefin út í öllum leikskólunum. Sumarsýningar í Bókasafni Reykjanesbæjar á ýmsum listaverkum barnanna í leikskólunum er verðug

kynning. Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, dagskrá helguð Jónasi Hallgrímssyni. Haldið upp á daginn 14. nóvember og hver leikskóli var með viðburði í sínum skóla. Haldinn var sameiginlegur kynningarfundur allra leikskóla Reykjanesbæjar fyrir grunnskólakennara yngsta stigsins. Á fundinum var sameiginleg kynning leikskólanna á starfi elstu barnanna. Einnig kynnti hver leikskóli sínar áherslur í starfinu með elstu börnunum. Listahátíð leikskólans Vesturbergs sem haldin var í Listasafni Reykjanesbæjar þótti takast með ágætum og er hátíðin komin til að vera. Besta kynning á starfi leikskóla er e.t.v. vitnisburður foreldra, það orðspor sem fer af leikskólunum. Sjö leikskólar eru komnir með heimasíðu en það auðveldar mjög kynningu á leikskólanum.

### Starfsmenn

#### Stöðugildi

Stöðugildi í leikskólum Reykjanesbæjar í október 2004 voru 138,54 þar af var fagfólk í 41,215 stöðugildum. Ræsting er ekki meðtalin. Starfsmenn voru alls 164 þar af 47 leikskólakennarar.

#### Fundir

Starfsmannafundir voru haldnir einu sinni í mánuði utan vinnutíma. Hluti þessara funda er oft nýttur til deildafunda eða deildastjórafundu í nokkrum leikskólum. Efni fundanna er mismunandi. Dæmi um fundarefni er að leikskólakennarar kynna ýmis valin efni fyrir hópnum. Á starfsmannafundi eru stundum fengnir fyrirlesarar. Fundir eru skráðir í fundagerðabækur.

Deildafundir voru almennt haldnir einu sinni í mánuði. Á þessum fundum er rætt um ákveðin mál sem upp koma hverju sinni, vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti eða útfærslu á verkefnum. Einnig er rætt um einstaka barn eða hópinn sem heild.

Deildastjórafundir voru haldnir, í flestum leikskólum, einu sinni mánuði. Á þessum fundum er rætt um heildarmarkmið leikskólans og starfsemina í heild. Upplýsingum er komið á framfæri og tengsl milli deilda eru styrkt.

Fagfundir voru haldnir (leikskólakennarar og leikskólastjóri) í flestum leikskólunum ýmist á vinnutíma eða utan hans. Þar var komið á framfæri upplýsingum er fram koma á milli starfsmannafunda og sameiginlegar ákvarðanir teknar fyrir allan leikskólann. Á þessum fundum er allt faglegt starf leikskólanna skipulagt og endurmetið.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra voru haldnir eftir þörfum. Þar voru ræddar ýmsar ákvarðanir vegna starfsmanna, barna og foreldra eða reksturs leikskólans almennt.

Stjórnunartími aðstoðarleikskólastjóra fer eftir stærð leikskóla þ.e.a.s. visst prósentuhlutfall af vinnuskyldu utan deildar.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru 4 klst. á viku miðað við fullt starf en leikskólakennarar með deildarstjórn hafa 5 klst. á viku miðað við fullt starf. Leiðbeinendur fá 2 klst. á viku miðað við fullt starf. Tímarnir eru nýttir til ýmiss konar vinnu- og starfsáætlunargerðar. Í sumum leikskólum skila starfsmenn skýrslu til leikskólastjóra með upplýsingum um hvernig tíminn var nýttur. Undirbúningstímar eru hluti af vinnutíma.

Fundir vegna leik- og grunnskóla voru nokkrir en misjafnt eftir skólum. Með tilkomu lestrarmenningar- átaksins var riðið á vaðið með nýja herferð og kennarar barna í 1.bekk grunnskóla og kennarar elstu barna í leikskóla funduðu saman þann 2. apríl. Ákveðið að leggja áherslu á markvissara samstarf næsta vetur.

Fundir leikskólastjóra með leikskólafulltrúa og sérkennslufulltrúa voru haldnir mánaðarlega. Þeir eru boðaðir af leikskólafulltrúa með leikskólastjórum og sérkennslufulltrúa. Fundarefni voru fagleg og rekstrarleg mál, einnig starfsmannamál. Þá fundaði leikskólafulltrúi með aðstoðarleikskólastjórum tvisvar á árinu þar sem farið var yfir starfssvið þeirra og formið á ársskýrslu og ársyfirliti.

Lestrarmenningarfundir voru haldnir nokkrum sinnum með leikskólafulltrúa og fulltrúum leikskólanna í lestrarmenningarverkefninu. Þar var kynnt hvað var verið að gera í hverjum skóla og hvernig gekk að skiptast á upplýsingum og hugmyndum. Einnig voru kynntar bækur og leikföng sem hæfa hverjum aldurshópi fyrir sig.

Handleiðslufundir leikskólastjóra voru haldnir mánaðarlega í Kirkjulundi.

Fræðsluráð er stjórnarnefnd leik- og grunnskólanna, hún mótar ýmsar reglur um leikskólamál og fjallar um þau erindi sem henni berast. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um ýmis mál er varða stjórnun leikskólanna. Formaður nefndarinnar er Árni Sigfússon. Leikskólastjóri, starfsfólk leikskólanna og foreldrar eiga fulltrúa í nefndinni. Þeir fulltrúar eru með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Fundirnir hafa verið haldnir í leikskólunum til að kynna m.a. stefnu og starfsemi leikskólanna. Ánægja er með þetta fyrirkomulag bæði hjá nefndarmönnum og leikskólastjórum. Alls voru sex fundir haldnir varðandi leikskólana á skólaárinu.

Starfsmannafundir Reykjanesbæjar með bæjarstjóra, forstöðumönnum og starfsmönnum bæjarins voru haldnir því sem nánast mánaðarlega.

## **Skipulags- og námskeiðsdagar**

Skipulagsdagar voru þrír. Einn þeirra er á fyrsta degi eftir sumarfrí. Á skipulagsdögum skipuleggur starfsfólk starfið framundan og forgangsöröðun verkefna er ákveðin. Á skipulagsdögum eru iðulega fengnir fyrirlesarar. Á þessum dögum fara starfsmenn leikskóla einnig oft í aðra leikskóla til að kynna sér starfið þar. Starfsmenn skiluðu inn skýrslu til Fræðsluskrifstofu þar sem sagt er frá ferðinni. Starfsmenn leikskólans Holts fóru í náms- og kynnisferð til Kaupmannahafnar og Malmö dagana 21.-24. apríl til að kynna sér starfið þar. Skoðaðir voru tveir skólar þar sem áhersla er á vinnuaðferðum Reggio Emilio. Leikskólastjórar skila inn til leikskólafulltrúa yfirliti yfir vinnu á skipulagsdögum.

Leikskólarnir eru lokaðir á skipulagsdögum og er það auglýst með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Fyrirlestrar á skipulagsdögum voru:

Kynferðislegt ofbeldi, Svava Björnsdóttir frá félagssamtökunum Blátt áfram.

Líkamsstöður í leikskólum, Nanna Guðný Guðmundsdóttir.

Jákvæð lífsgildi, Erla björk Steinarsdóttir, grunnskólakennari.

Jákvæðni, Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri

Lestrar- og skriftarkennsla, Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri.

Mikið hefur fæst í vöxt að leikskólakennarar Reykjanesbæjar halda fyrirlestra í leikskólunum og er það vel. Hér koma nokkur dæmi um slíka fyrirlestra.

Fjölbreyttir hlustunar- og stærðfræðileikir, fyrir börn, Ingibjörg Jónsdóttir og Raket Sif, Gígja leikskólakennari.

Foreldrasamtöl, Gerður Pétursdóttir, leikskólastjóri.

Hegðunarmótandi aðferðir, s.s. SOS, Skapmikil börn og Stig af stigi, leikskólakennarar.

Reggio-Emilio vinnuaðferð Anna Sofia Wahlström og Björk Snorradóttir, leikskólakennarar.

Könnunaraðferðin Kristín Helgadóttir og Anna Sofia Wahlström, leikskólakennarar.

Listin að slaka á í leik og starfi, Ágústa Björgvinsdóttir og Rannveig Arnarsdóttir, leikskólak.

Vísindi með börnum, Hrönn Guðmundsdóttir og Unnur Þorláksdóttir, leikskólakennarar.

Skapandi starf-hugmyndavinna, Áslaug Unadóttir, leikskólakennari.

List- og leiksmíðja, Sif Stefánsdóttir og Anna Marta Karlsdóttir, leikskólakennarar.

## Nemendur

### Fjöldi barna

Í október 2004 dvöldu samtals 639 börn í leikskólum Reykjanesbæjar. Í heilsdagsdvöl voru 420 börn og í hálf dagsdvöl voru 99 börn og í tímanum frá kl. 8–13/14 voru 120 börn. Börn einstæðra foreldra voru 146 og tvítyngd börn voru 48.

Börn fædd árið:	1999 voru	161
	2000 voru	161
	2001 voru	139
	2002 voru	171
	2003 voru	7

Í október 2004 voru engin börn á biðlista eftir leikskóladvöl. Öllum börnum tveggja ára og eldri var boðin leikskóladvöl haustið 2004

Samanlögð barngildi voru 714,7 og dvalarstundir 4.711,5.

### Sérkennsla

Í október 2004 voru börnin 41 sem nutu sérkennslu en í maí 2005 fengu 46 börn sérkennslu í leikskólum bæjarins en þessi börn eru alfarið í almennum deildum leikskólanna, einnig þau sem eru mikið fötluð. Þegar börn hafa verið greind með veruleg þroskafrávik er komið til móts við viðkomandi barn með því að bæta við starfsmanni á deild, hluta dvalartímans. Unnið er eftir reglum við úthlutun á stuðningstímum sem samþykktar eru af Fræðsluráði og bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Reglurnar byggja á fimm flokkum og hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrjú flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvert sérkennslubarn.

Sérkennslufulltrúi var með fasta fundi mánaðarlega í hverjum leikskóla og oftast ef óskað var eftir því. Á Fræðsluskrifstofu eru einu sinni í viku inntökufundir þar er farið m.a. yfir þær beiðnir er berast skrifstofunni varðandi sérkennsluþörf barna. Fundina sitja sálfræðingar, sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla og talmeinafræðingur.



## Foreldrasamstarf

### Áherslur og markmið



Foreldrafélög eru starfrækt í öllum leikskólum. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum. Markmið félagsins eru að vinna að velferð barna, efla hag leikskólans og koma á sem bestu sambandi milli leikskólans og heimila barna. Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum og taka þátt í starfinu þegar þeir vilja. Mjög ör þróun hefur verið í leikskólum síðastliðin ár og er því gott foreldrasamstarf mikilvægt. Starfið í leikskólanum og áherslurnar þar hafa breyst mikið, þess vegna er nauðsynlegt að hafa góðan kynningarfund fyrir foreldrana við upphaf leikskólagöngu barnsins.

### Foreldrafundir

Foreldrafundir gegna þýðingarmiklu hlutverki í leikskólunum. Foreldrarnir kynnast starfsfólkinu, leikskólanum og hverjir öðrum. Á haustfundum fengu foreldrar kynningu á starfsemi eins og hún er hverju sinni. Þessir fundir voru ýmist sameiginlegir fyrir allan leikskólann eða fyrir hverja deild. Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori. Á þessum fundum voru í sumum leikskólunum afhentar skólanámskrár. Í sumum leikskólunum voru fengnir fyrirlesara á þessa fundi og gafst það vel. Um vorið voru grillveislur í öllum leikskólum bæjarins og var foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum boðið að taka þátt í þessum veislum. Í einum leikskólanum er ekki verið með hefðbundna foreldrafundi sökum dræmrar þátttöku foreldra heldur eru tvö foreldraviðtöl (einkaviðtöl) á ári og gefst það afar vel.

Við inngang á hverri deild er tafla þar sem daglega eru skráðar upplýsingar er varða ferðir, verkefni, val, matseðil vikunnar o.fl.

Fréttabréf voru gefin út í öllum leikskólunum. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfunum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfinni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

### Foreldraviðtöl

Á hverjum vetri, eru foreldrar boðaðir í viðtöl vegna barna sinna. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða um barnið í fyllsta trúnaði. Foreldrar fá upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnar í hópnum með félögunum. Þegar barnið byrjar í leikskólanum eru foreldrarnir boðaðir í viðtal hjá viðkomandi leikskólakennara og leikskólastjóra. Stefna leikskólans er kynnt fyrir foreldrum og þeir fá innsýn í starfið.

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfi í leikskólanum og skiptir máli fyrir nýja barnið og foreldra þess. Auk þess skiptir það máli að vel takist til með kynni nýja barnsins við hópinn og starfsfólk á deildinni. Hversu marga daga foreldri er með barninu ræðst af barninu sjálfu og foreldrum þess.

Fréttabréf voru gefin út í öllum leikskólunum. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfunum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfinni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

## **Opið hús**

Líkt og áður þá var ákveðið að vera ekki með neinn sérstakan dag fyrir opið hús. Foreldrar eru ávallt velkomnir að koma og dvelja með börnum sínum í leikskólanum. Sumir leikskólar eru komnir með þá hefð að bjóða foreldrum nokkrum sinnum í morgunkaffi og þótti takast með ágætum. Enn sem fyrr eru ömmu- og afadagur í nokkrum leikskólunum.

## **Foreldrafélög**

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólana og er starf þeirra nokkuð mismunandi í hinum ýmsu leikskólum. Markmið hvers félags er að efla tengsl foreldra við leikskólann og samskipti milli þeirra um málefni hans. Foreldrafélögin styrkja starfsemi leikskólanna með ýmsu móti s.s. jólaskemmtunum, sumarhátíðum, íþróttadegi, útgáfu á söngbók, halda kökubasar, sveitarferð, sala á flíspeysum með merki skólans í fjáröflunarskyni, halda sölusýningu á verkum barnanna, kaupa ýmis leiktæki og áhöld og taka bæði þátt í og standa fyrir vorferðalögum barnanna. Þá hafa foreldrafélögin staðið fyrir leikhúsferðum bæði innan bæjar og utan. Foreldrafélögin hafa einnig staðið fyrir fyrirlestur á fundum félagsins.

## **Samstarf - fræðsla - ráðgjöf**

### **Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila**

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar. Leikskólafulltrúi er faglegur og rekstralegur yfirmaður leikskólanna og jafnframt tengiliður milli leikskólanna og bæjaryfirvalda. Leikskólafulltrúi er Guðríður Helgadóttir. Á Fræðsluskrifstofu starfa sálfræðingar, talmeinafræðingar og sérkennslufulltrúi sem sinna börnum í leikskólunum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu. Leikskólar fá einnig ráðgjöf frá Greiningarstöð ríkisins, Þroskahjálp á Suðurnesjum, Svæðisskrifstofu Reykjanes og Talþjálfun Reykjavíkur. Þá er samstarf við ýmsa aðila á vegum bæjarins s.s. skrifstofu, tæknideild, Þjónustumiðstöð, Bókasafn Reykjanesbæjar, Fjölskyldu- og félagsþjónustu bæjarins, ÍAV og Fasteignar hf., KHÍ og HA, FS og grunnskóla bæjarins.

Leikskólafulltrúi sér um innritun barna í leikskólana. Gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda. Hægt er að sækja um leikskóladvöl fyrir börn við fæðingu en til þess að vera skráð á virkan biðlista verður lögheimili að vera í Reykjanesbæ. Tekið er á móti umsóknum á bæjarskrifstofunum að Hafnargötu 57 og Tjarnargötu 12. Mögulegt er að sækja um forgang fyrir barn í leikskóla ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi enda fylgi vottorð frá opinberum aðilum.

### **Starfsmannasamtöl**

Leikskólastjórar og sérkennslufulltrúi komu í starfsmannasamtal við leikskólafulltrúa. Í starfsmannasamtali er tækifæri fyrir starfsmann og næsta yfirmann að setja sameiginleg markmið fyrir starfsmann út frá stefnu sveitarfélagsins og stofnunarinnar, leiðrétt það sem betur má fara og tryggja að verið sé að stefna í sömu átt.

### **Nemar við KHÍ og HA**

Á síðastliðnu skólaári voru þrjátíu og tveir leikskólakennaranemar í fjarnámi og staðbundnu námi við KHÍ og HA.. Einn leikskólastjóri var í stjórnunarnámi og annar í fjarnámi við KHÍ og þriðji leikskólastjórinn stundaði nám í mennta- og menningarstjórnun í Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Einn leikskólakennari útkrifaðist frá KHÍ í framhaldsdeild í sérkennslufræðum. Samtals voru tuttugu nemar úr leikskólaskor KHÍ í vettvangsnámi í leikskólum Reykjanesbæjar á sl. starfsári. Verknáms-/vettvangsnemar voru í eftirtöldum leikskólum: tveir í Garðaseli, fimm á Gimli, þrír í Heiðarseli, fimm í Hjallatúni, þrír á Holti, einn í Tjarnarseli og einn í Vesturbergi. Nokkuð er um

að nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja og grunnskólum bæjarins séu í kynningu í leikskólunum.

### Samstarf við grunnskóla

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í fastar skorður. Mikil samvinna er orðin milli skólastiganna og er það vel. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans. Frá áramótum höfðu börnin í skólahóp unnið ýmis verkefni sérstaklega ætluð til undirbúnings námi í grunnskólanum. Verfall grunnskólakennara setti þó svip sinn á sl. skólaár með þeim hætti að heimsóknir voru færri en gert var ráð fyrir.

Fundað var nokkrum sinnum á árinu og þá ýmist undir formerkjum Lestrarmenningar eða Brúum bilið og á vormánuðum var fundað með starfsmönnum fræðsluskrifstofu og deildarstjórum grunnskólanna vegna elstu barnanna og sérkennslubarna þar sem farið var yfir stöðu hvers og eins. Í maí var sameiginleg kynning á verkefnum elstu barnanna fyrir kennara og deildarstjóra yngsta stigs í grunnskólum bæjarins. Þar voru kynntar sameiginlegar áherslur allra leikskólanna og einnig var stutt kynning frá hverjum skóla um sérstakar áherslur í hverjum leikskóla fyrir sig.

Enn sem fyrr eru nokkrir leikskólar þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í tvo og jafnvel þrjá grunnskóla sem gerir samvinnu flóknari. Nokkuð er um að grunnskólanemendur fari í starfskynningu í leikskóla. Varðandi samstarf beggja skólastiganna þá koma deildarstjórnir til með að verða tengiliðir. Enn sem fyrr þá voru móttökur grunnskólakennara í skólaheimsóknum leikskólanna með elstu börnin til fyrirmyndar.

Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu í leikskóla.

### Öryggismál



Brunavarnir Suðurnesja hafa haft umsjón með bruna- og þjófavörnum síðan árið 1998. Í janúar 2002 tók Öryggismiðstöð Íslands við þjónustunni.

Einu sinni á ári eru brunaæfingar í hverjum leikskóla og gerð er rýmingaráætlun fyrir hvern leikskóla. Slökkvitæki eru yfirfarin einu sinni á ári. Í hverjum leikskóla er kosinn öryggisfulltrúi úr röðum starfsmanna sem sér um að yfirfara húsnæði, lóð, tæki, leikföng og annað í leikskólanum með öryggi barnanna að markmiði.

Lögreglan kemur í heimsókn einu sinni á ári. Farið er yfir helstu hættur sem ber að varast í umferðinni en lögð sérstök áhersla á notkun endurskinsmerkja. Lögreglan færði börnum og starfsfólki endurskinsmerki að gjöf.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kemur í hefðbundna heimsókn í alla leikskólana og gerir úttekt á ástandi lóðar og húsnæðis.

Öryggisfulltrúi er í flest öllum leikskólunum sem fyllir út reglulega gátlista um öryggisþætti leikskólans.

### Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur

*Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Fræðsluskrifstofunnar:*

- Skapmikil hugsun. Fyrirlesari Eyþór Eðvarðasson. Haldið á Víkinni 1. nóvember.
- Skapmikil börn. Fyrirlesari Þuríður Pétursdóttir, sálfræðingur. Haldið 3. nóvember.
- Litlu börnin í leikskólanum. Fyrirlesari Hildur Skarphéðinsdóttir. Haldið 19. nóv.
- Innra eftirlit í eldhúsum. Fyrirlesari Ásmundur E. Þorkelsson. Haldið 10. febrúar.
- Jóga - listin að slaka á í leik og starfi. Fyrirlesari Sigurlaug Einarsdóttir. Haldið 17. mars.
- SOS námskeið á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ í samráði við Fræðsluskrifstofu. Leiðbeinandi Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur. Haldið í mars - apríl.

Önnur námskeið og fyrirlestrar sem leikskólakennarar og leiðbeinendur sóttu:

- Kjarnanámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum I. hluti, II. hluti og III. hlutir. Á vegum MSS í samráði við Fræðsluskrifstofu haldið á Víkinni, október, janúar og mars, alls 68 kennslustund. Alls sóttu 13 starfsmenn námskeiðið.
- Trúnaðarmannanámskeið. Fyrirlesarar: Pröstur Brynjarsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir og María Norðdahl. Haldið í Mosfellsbæ, 8 september.
- Nám í lestrarkennslu í skóla Helgu Sigurjónsdóttur. Haldið í október.
- Stjórnendanámskeið Reykjanesbæjar. Leiðbeinandi Eyþór Eðvarðsson, ráðgjafi. Haldið 23.-24. nóv.
- Einhverfa og skyldar þroskaraskanir. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 19. janúar.
- Kynferði, völd og virðing í grunnskólum. Eru stelpur að taka yfir. Fyrirlesari Rósa Magnúsdóttir, jafnréttisfulltrúi HÍ. Haldið 27. janúar.
- Skriftarkennsla. Fyrirlesari Gunnar Þór Jónsson, skólastjóri. Haldið 10. febrúar.
- Skipulögð kennsla og vinnubrögð. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 16. 17. og 18. feb.
- The high Performance Leadership seminar. Leiðbeinandi Brian Tracy. Haldið 4. mars.
- Skimun og snemmgreining einhverfu. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 4. mars.
- Skapmikil börn. Fyrirlesari Þurðíður Pétursdóttir, sálfræðingur. Haldið desember og 7. apríl.
- Félags- og tilfinningavandi barna með CP. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 14. apríl.
- Matvæli. Kynning hjá Ásbirni Ólafssyni. Haldið í Valsheimilínu að Hlíðarenda, 12 maí.
- Þroskaraskanir barna - hvað hefur áunnist? Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 12. maí.
- Ullarþæfing. Haldið í Danmörku 23. til 27. maí.
- Varnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Fyrirlesari Svava Björnsdóttir – Blátt áfram.

Námskeið á vegum KHÍ, og Endurmenntunarstofnunar Háskólans sem starfsfólk leikskólanna sóttu:

- Hljóm-2. Fyrirlesari Ingibjörg Símonardóttir. Haldið 27. september og 8. október.

Ráðstefnur og málþing sem leikskólakennarar sóttu:

- Hjallaráðstefna, Börn eru bæði stelpur og strákar. Haldið 22. og 23. október
- Kubbaleikur og skráning í leikskólastarfi. KHA. Haldið á Akureyri 4. mars.
- Karlmennska og strákar í grunnskólum. Grand Hótel. Haldið 24. febrúar.
- Fljótandi skil leik- og grunnskóla. Haldið í Kennaraháskóla Íslands 1. apríl.
- Læsi á 21. öldinni. Hvar stöndum við? Hvert stefnum við? Haldin á Akureyri 16. apríl.



## Lokaorð

Ársskýrsla þessi er unnin út frá ársskýrslum leikskólanna og hefur verið á stóru í því umfangsmikla starfi sem þar fer fram. Tilgangurinn er að leikskólastjórar líti yfir starf liðins árs og meti hvort sú ársáætlun sem skilað var haustið 2004 um væntanlegt starf veturinn 2004-2005 hafi náð fram að ganga.

Mikil gróska og hugmyndaauðgi einkenndi starf leikskólanna þetta árið sem endranær. Leikskólarnir hafa verið að þróa ýmis verkefni og námsefni sem tengist verkefninu „Lestrarmenning í Reykjanesbæ.“ Verkefnið hefur skilað skipulagðari vinnubrögðum og breyttu verklagi í leikskólum bæjarins og er markviss málörvun orðinn einn af áherlsupáttum skólanna. Starfsmenn Heiðarsels gáfu út flettibók sem þeir sömdu og myndskreyttu um útilistaverk og minnismarki í bæjarfélaginu, bókina heitir Valli og Goggi á ferð og flugi í Reykjanesbæ. Heiðarsel er formlega orðinn Heilsuleikskóli og fékk viðurkenningu frá Lýðheilsustofnun. Leikskólinn Hjalltún fékk viðurkenningu fyrir að vera fjölskylduvænsta stofnunin innan Reykjanesbæjar en þetta var í fyrsta skipti sem veittar voru slíkar viðurkenningar í bæjarfélaginu. Leikskólinn Holt fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla til verkefnisins „Lifandi lestur.“ Tjarnarsel er að selja handbókina „Vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans,“ sérstaklega til nemenda í leik- grunnskólakennaranámi við Háskólann á Akureyri. Handbókin þykir gott námsefni í grenndarfræðum. Handbókin var gefin út árið 2002.

Unnið var að gerð skólanámskrár í þeim leikskólum sem ekki hafa lokið gerð hennar.

Alls sjö leikskólar eru komnir með heimasíðu. Almennar upplýsingar er að finn á upplýsingavef Reykjanesbæjar: [reykjanebaer.is](http://reykjanebaer.is)

Stór hópur starfsmann í leikskólum Reykjanesbæjar, alls þrettán, útskrifuðust úr fjarnámi við Háskólann á Akureyri. Fjögurra ára námi þeirra lauk vorið 2005. Þetta er metnaðarfullur hópur sem hefur staði sig vel og lagt mikið á sig. Nú hafa þessir leikskólakennara bæst við hóp leikskólakennara sem starfa hjá Reykjanesbæ. Það er afar mikilvægt fyrir Reykjanesbæ að halda áfram að styðja við bakið á því starfsfólki sem hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám.

Árið var viðburðaríkt ár á Gimli og markaði tímamót í sögu leikskóla Reykjanesbæjar. Í ágúst 2004 hóf leikskólastjóri undirbúning og viðræður við bæjaryfirvöld varðandi þjónustusamning við Reykjanesbæ v/leikskólans Gimli. Undirritaður var samningur milli Karenar ehf. og Reykjanesbæjar þann 30. desember 2004. Samningurinn var gerður til eins árs og endurskoðaður að ári liðnu, með tilliti til framlengingar.

Viðbygging við leikskólann Holt var formlega opnuð á 20 ára afmælisdegi leikskólans.

Upplýsingabæklingur til foreldra leikskólabarna í Reykjanesbæ var gefinn út á árinu.

Samstarf við foreldra, kennara grunnskóla Reykjanesbæjar og aðra þá sem komu að málefnum leikskólanna var með miklum ágætum.

Samantekt úr ársskýrslum leikskólanna  
Gert í maí 2006

---

Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi